

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ákveðið með vísan til heimildar í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, að innheimta gjald fyrir sorphirðu í sveitarfélaginu.

2. gr.

Gjaldið miðast við stærð íláta (magn sorpsins) og tæmingu á tveggja vikna fresti. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát, sem sveitarstjórn ákveður sbr. heimild í 9. gr. fyrrnefndrar samþykktar, sbr. einnig 1. gr. gjaldskrár þessarar og hentar magni þess úrgangs sem til fellur á hverjum stað.

3. gr.

Að því er stefnt að sorphirðugjald standi undir kostnaði við flutning sorpsins frá tókustað á urðunarstað og er árlegur kostnaður áætlaður þessi eftir stærð íláta:

	kr.
A. Fyrir tæmingu á 240 l íláti	10.700
B. Fyrir tæmingu á 500 – 660 l íláti	16.700
C. Fyrir tæmingu á 1100 l íláti	38.800

4. gr.

Árið 2002 er veittur 30% afsláttur af sorphirðugjaldi sbr. 3. gr. og verður gjaldið sem hér segir:

	kr.
A. Fyrir tæmingu á 240 l íláti	7.490
B. Fyrir tæmingu á 500 – 660 l íláti	11.690
C. Fyrir tæmingu á 1100 l íláti	27.160

Eigendur sumarbústaða skulu á árinu 2002 greiða kr. 2.000 í sorphirðugjald enda sé þeim gert kleift að losa sig við sorp á gámasvæðum sem skulu vera að lágmarki þrjú í sveitarfélaginu.

5. gr.

Á árinu 2002 skulu þeir, sem skv. sérstökum samningi við sveitarfélagið, stunda jarðgerð á lífrænum heimilisúrgangi njóta 2.000 kr. afsláttar af sorphirðugjaldi.

6. gr.

Sorphirðugjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar sbr. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr.

541/2000, og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 2002. Um leið er úr gildi felld gjaldskrá nr. 326/2001 um sama efni.

Eyjafjarðarsveit, 31. janúar 2002.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.